

## Stjórn Vinstrihreyfingarinnar - græns framboðs Föstudaginn 7. október 2016



VINSTRI GRÆN

10. fundur stjórnar VG settur kl. 15.00 í Austurstræti 14.

Hrafnkell Lárusson og Elín Oddný Sigurðardóttir, rituðu fundargerð.

**Mætt;** Katrín Jakobsdóttir, Una Hildardóttir, Elín Oddný Sigurðardóttir, Daníel Haukur Arnarson, Ingibjörg Þórðardóttir, Hrafnkell Lárusson, Álfheiður Ingadóttir, Benóný Harðarson, Jakob S. Jónsson og Rósa Björk Brynjólfssdóttir. Í síma: Björn Valur Gíslason. Fh. UVG Ragnar Auðun Árnason, fh. EVG Þóra Elfa Björnsson. Fh. Sveitarstjórnarráðs: Sóley Björk Stefánsdóttir. Björg Eva Erlendsdóttir, framkvæmdastjóri, Lísa Kristjánsdóttir aðstoðarmaður formanns, Bjarki Þór Grönfeld starfsmaður skrifstofu, Bergþóra Benediktsdóttir og Þóra Geirlaug Bjartmarsdóttir sátu einnig fundinn.

1. Fundargerð síðasta stjórnarfundar – lögð fram og samþykkt.
2. Ósk skrifstofu um hækkun fjárhagsáætlunar vegna kosninga – Björg Eva gerir grein uppfærðri áætlun, bæði aukinni fjárþörf og væntanlega auknum tekjum vegna styrkja frá samþykkttri fjárhagsáætlun. Uppfærð áætlun lögð fram og samþykkt samhljóða.
3. Meðmælendur og undirskriftir frambjóðenda.- Bjarki Þór Grönfeld gerir grein fyrir stöðu meðmælendalista og undirskriftir frambjóðenda. Gera þarf skurk í söfnun meðmælenda. Skil eftir tæpa viku, verður að klára þetta mál sem fyrst.
4. Staðan í kjördæmunum – Kosningastjórar fara yfir stöðuna í kjördæmunum í aðdraganda kosninga. Þinghald reynist landsbyggðarkjördæmunum erfið. Mikilvægt að vera duglegur að skrifa greinar og halda fundi. Auk þess þarf að skipuleggja vinnustaðaheimsóknir út í kjördæmunum. Kosningamiðstöð opnar í Reykjavík á morgun og áætlað er að vera með kosningamiðstöð á Akureyri. Mikilvægt að kynna málstaðin, allir félagar eru talsmenn stefnunnar. Fókusera á framtíðina.
5. Fundargerð flokksráðsfundar – lögð fram og samþykkt.
6. Tilfærsla á landsfundi til haustsins 2017 – Katrín kynnir hugmynd um að hverfa frá ákvörðun um að flýta landsfundi 2017. Ákvörðun var tekin að hafa landsfund í febrúar þegar stóð til að kjósa í vor. Lagt til að flytja fundinn fram á haustið 2017 – tillagan samþykkt samhljóða. Tillögur að dagsetningum kynntar á næsta fundi.
7. Paavo Aahrinmaaki fyrrv.formaður finnska Vänsterförbundet heldur erindi í Kosningamiðstöðinni, laugarvegi 170 kl. 17.30.
8. Opnun kosningaskrifstofu í Reykjavík á laugardag – kosningaskrifstofa opnar á morgun laugardag kl. 14.00 á laugarvegi 170, félagar hvattir til að mæta.

9. Önnur mál –

- a) Borgarstjórn samþykkti á þriðjudag áskorun til stjórnvalda um lögfestingu NPA. Öryrkjabandalag Íslands leggur áherslu á lögfestingu NPA.
- b) Plastpokalaus sveitarfélög – mikilvægt að leggja áherslu á að gera okkur sýnilegri sem grænan flokk hvað þetta varðar.
- c) Umræða um krónuna og gjaldmiðilinn – tökum slíka umræðu eftir kosningar.
- d) Áframhaldandi vinna með kosningaáherslur, verða þær miðlægar eða unnar á hverjum stað. Hvað munum við leggja miðlægt áherslu á? Þetta verður bæði unnið miðlægt og í kjördæmunum. Mikilvægt að allir vinni vel saman og í takt. Hægt að nýta kosningaáherslur til greinaskrifa.
- e) Birtingaráætlun – Lísa gerir grein fyrir birtingaráætlun. Þeir sem hafa spurningar geta beint þeim til hennar.
- f) Staðan á þingi – Katrín gerir ráð fyrir stöðuna í þinginu. Til stendur að fækka þeim stóru málum sem liggja fyrir.

Fundi slitið kl. 16.15.

Næsti fundur stjórnar boðaður föstudaginn 4. nóvember kl. 15.00.